

AUGLÝSING

um deiliskipulag Flatahverfis, klasi 9, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 24. apríl 2001 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi Flatahverfis klasa 9 á Akranesi.

Tillagan nær til deiliskipulagsreits klasa 9 í Flatahverfi sem afmarkast af byggðasafni/kirkjugarði, skipulögðum klasa 4 og óskipulögðum klösum 7-8 og 13-14 í Flatahverfi. Flatarmál klasa 9 er 1,7 ha að stærð.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 1. og 2. mgr. 25. gr. skipulagslags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með föstudeginum 23. febrúar til og með föstudeginum 23. mars 2001. Athugasemdafrestur var til föstudagsins 6. apríl 2001. Engar athugasemdir bárust.

Framangreint deiliskipulag klasa 9 í Flatahverfi, Akranesi, tekur þegar gildi.

Akranesi, 9. júlí 2001.

Magnús Þórðarson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.